



## Móttaka nýbúa

Þegar fjölskylda með annað tungumál en íslensku flytur á staðinn og sækir um leikskólapláss fer í gang eftirfarandi áætlun:

- Foreldrar eru boðaðir í viðtal og túlkur fenginn með ef viðkomandi talar hvorki ensku né annað tungumál sem starfsfólk leikskólans hefur á valdi sínu.
- Foreldrar fá upplýsingar um aðlögun barnsins.
- Foreldrar fá upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- Ef þess er kostur þá eru bréf send út á því tungumáli sem foreldrar tala. Ef ekki þá er fenginn túlkur til að þýða bréfin.
- Barnið fær sérstakan stuðning við að ná tökum á íslenskunni.